

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2023
UST202311-070/F.T.
04.05

Efni: Samráðsgátt - Reglugerð um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Þann 8. nóvember 2023 kynnti Fjármála- og efnahagsráðuneytið nýja reglugerð í Samráðsgátt stjórnvalda, Reglugerð um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, Mál nr. S-227/202. Umhverfisstofnun fékk boð um að veita umsögn sína um framangreint. Í reglugerðinni eru þremur Evrópureglugerðum veitt gildi en umræddar gerðir útfæra viðmið í reglugerð (ESB) 2020/852 sem fjallar um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og *hefur lagagildi á Íslandi*.

Að baki reglugerð (ESB) 2020/852 býr sú hugsun að stuðla að sjálfbærum fjárfestingum en með reglugerðinni er komið á fót samræmt evrópskt flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teljist sjálfbær atvinnustarfsemi. Markmiðið er að auka gagnsæi í því hversu sjálfbær tiltekin atvinnustarfsemi er til þess að auðvelda fjárfestum og fyrirtækjum að taka upplýstar fjármálaákvæðanir og sporna gegn grænþvotti.

Til þess að teljast umhverfislega sjálfbær þarf atvinnustarfsemi að stuðla verulega að framgangi minnst eins af sex umhverfismarkmiðum sem reglugerðin setur fram og ekki stríða verulega gegn öðru umhverfismarkmiði auk þess sem fullnægja þarf lágmarkskröfum um félagslega þætti og stjórnarhætti.

Flokkunarkerfið tekur mið af sex umhverfismarkmiðum:

- Mildun loftslagsbreytinga.
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbærri nýtingu og verndun vatns og sjávarauðlinda.
- Umbreytingu í hringrásarhagkerfi.
- Mengunarvörnum og eftirliti með mengun.
- Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins útfærir nánar tæknileg viðmið reglugerðarinnar í framseldum reglugerðum. Í reglugerðinni sem nú er til samráðs er stefnt að því að veita þremur framseldum reglugerðum (ESB) gildi:

- 2021/2139 (mótvægi og aðlögun að loftslagsbreytingum)

- 2021/2178 (skylda fyrirtækja til birtingar upplýsinga)
- 2022/1214 (breytir fyrirn. rg. varðandi starfsemi sem tengist jarðgasi og kjarnorku)

Stofnunin vísar í framselda reglugerð (ESB) 2021/2139 sem hér er veitt gildi, er fjallar um mótvægi og aðlögun að loftslagsbreytingum og setur fram viðmið hvað framangreint varðar. Vakin er athygli á því að stofnunin er lögbært stjórnvald skv. lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Í 1. viðauka reglugerðarinnar er að finna tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar og til að ákvarða hvort starfsemin valdi umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum reglugerðar (ESB) 2020/852. Viðmiðin eru sett fram í 9 köflum þar sem m.a. er fjallað um skógrækt, framleiðslu, orku og fleiri umhverfismál. Ýmis atriði í 5. kafla (vatnsveita, fráveitukerfi, úrgangsstjórnun og hreinsun) eru náskyld þeim málaflokkum sem stofnunin fer með.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að í þeim gerðum sem um ræðir, sem og þeim sem ekki hafa verið birtar í Stjórnartíðindum ESB, er fjallað um ýmsa málaflokka sem heyra undir málefnasvið stofnunarinnar. Sérstaklega þarf að huga að því að hlutverk stofnunarinnar verði skýrt þegar kemur að framseldri reglugerð (ESB) 2023/2486 sem útfærir markmið reglugerðar (ESB) 2020/852 um sjálfbæra notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og -eftirlit og verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa, en Umhverfisstofnun fer með þá málaflokka sem um ræðir.

Stofnunin telur mikilvægt, í ljósi þess að borist hafa ýmsar fyrirspurnir frá fyrirtækjum um innleiðingu, framkvæmd og fyrirkomulag á EU Taxonomy regluverkinu, að skýrt verði hver aðkoma og hlutverk stofnunarinnar skuli vera að framangreindu og að samtal verði við stofnunina varðandi aðkomu hennar að regluverkinu og þeim tæknilegu viðmiðum sem liggja til grundvallar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius,
lögfræðingur